

64 áður senda formanni sjóðsins skriflega umsókn. Skal þar ger full grein fyrir, 19. júlí hvern veg hann hugsar sjer að nota styrkinn, og skuldbinding um, að vandlega sje frá öllu gengið. Glögga skýrslu skal hann gefa stjórn sjóðsins, hvernig fjenu hafi verið varið. Stjórn sjóðsins úrskurðar og tilkynnir skriflega fyrir nýjjar, hvort styrkur veitist og hve mikill.

9. gr.

Þá er sjóðurinn hefir tæmt upprunalegt starfsvið sitt, má með breytingu á skipulagsskrá þessari á almennum hreppsfunði víkka starfsvið hans til annara nytsemdarfyrirtækja í Áshreppi. Atvinnumálaráðuneytið samþykkir breytingu þessa.

Skipulagsskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

Magnús Bjarnarson.

65
27. júlí

AUGLÝSING

um

innflutningsbann.

Með því að mjög skæð munn- og klaufaveiki gengur nú í Danmörku og Svíþjóð, er hjermeð samkvæmt lögum nr. 22, frá 15. júní þ. á., um innflutningsbann á dýrum o. fl., og með ráði dýralæknisins í Reykjavík, bannað að viðlögðum sektum og skaðabótum samkvæmt lögum þessum, fyrst um sinn að flytja til landsins frá löndum þessum lifandi fugla, hey, hálm (nema umbúðahálm), alidýraáburð, hráar og lítt saltaðar sláturafurðir, hverju nafni sem nefnast, ósoðna mjólk og brúkaða fóðurmjólss ekki.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. júlí 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.